

**Nd.**

**469. Frumvarp til laga**

[198. mál]

um breyting á tollalögum, nr. 55 30. mars 1987.

(Eftir 2. umr. í Nd., 31. des.)

Samhljóða þskj. 228 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

2. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Tollur skal lagður á tollverð vöru eða sendingar eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum 8.–10. gr. og vera eins og fyrir er mælt í tollskrá í viðauka I með lögum þessum sem hefur lagagildi.

2. gr. hljóðar svo:

2. másl. 7. tölul. 5. gr. laganna orðist svo: Undanþágu samkvæmt þessum tölulið má að öðru leyti takmarka við notkun, vöruflokka eða hámarksverð og skal þá tekið tillit til dvalartíma erlendis, fjölskyldustærðar og annarra aðstæðna.

3. gr. hljóðar svo:

Við 1. tölul. 6. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðist svo: Samningur Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu vegna aðildar Portúgals og Spánar að bandalaginu skal með sama hætti og gildir um önnur aðildarríki þess koma að fullu til framkvæmda 1. janúar 1988.

4. gr. hljóðar svo:

2. tölul. 6. gr. laganna orðist svo:

Að ákveða að sameina megi í eitt tollskrárnúmer vörur sem falla í mismunandi tollskrárnúmer og fluttar eru til landsins í smásendingum. Undanþágu samkvæmt þessum tölulið má að öðru leyti takmarka við ákveðna vöruflokka eða hámarksverðmæti og að greidd verði af þeim gjöld miðuð við tolltaxta þess tollskrárnúmers sem verðmætasti hluti sendingarinnar fellur undir eða ákveða fast gjald fyrir smásendingar sem sendar eru í pósti í stað reiknaðra aðflutningsgjalda. Undanþágu þessa má takmarka við sendingar sem fluttar eru inn til eigin nota.

5. gr. hljóðar svo:

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:

Ráðherra er heimilt í reglugerð að setja sérstakar reglur um mat á notuðum ökutækjum og vinnuvélum til tollverðs. Þar má m.a. ákveða að tollverðið miðist við verð þeirra nýrra að frádregnum hundradshluta fyrir hvert ár eða hluta úr ári af aldri þeirra og má í því skyni krefja innflytjendur um upplýsingar um verð nýrra ökutækja eða vinnuvéla sem þeir hafa umboð fyrir hér á landi.

6. gr. hljóðar svo:

20. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur með reglugerð heimilað að upplýsingar, sem um ræðir í 14.–19. gr., séu veittar með öðrum hætti en skriflega, t.d. með tölvumiðli eða fjarskiptum.

7. gr. hljóðar svo:

1. másl. 100. gr. laganna orðist svo:

Telji innflytjandi tollverð, tollflokkun eða aðflutningsgjöld eigi rétt ákveðin, vara sé tollskyld eða tollfrjáls, skal hann, áður en úrskurðar er leitað skv. 101. gr., senda skriflega kæru, studda nauðsynlegum gögnum, til viðkomandi tollstjóra.

8. gr. hljóðar svo:

1. mgr. 101. gr. laganna orðist svo:

Úrskurði tollstjóra, sbr. 100. gr., og ákvörðun ríkistollstjóra skv. 3. mgr. 32. gr. má skjóta til ríkistollanefndar, sbr. 37. gr. Kærufrestur skal vera 30 dagar talið frá póstlagningu úrskurðar tollstjóra.

9. gr. hljóðar svo:

Á eftir 1. mgr. 101. gr. laganna komi ný málsgrein er orðist svo:

Ríkistollstjóra er heimilt að skjóta úrskurði tollstjóra til ríkistollanefndar á næstu þremur mánuðum eftir dagsetningu úrskurðar tollstjóra.

10. gr. hljóðar svo:

1. mgr. 103. gr. laganna orðist svo:

Aðflutningsgjöld, af öðrum vörum en þeim sem heimild hefur verið veitt til að settar séu í tollvöruheymslu eða fluttar á frísvæði, falla í gjalddaga þegar tollstjóra hefur verið afhent aðflutningskýrsla yfir vöru ásamt tilskildum gögnum eða leyfi verið veitt til afhendingar vöru enda hafi flutningsfar tekið höfn. Aðflutningsgjöld skulu þó falla í gjalddaga eigi síðar en einu ári talið frá komudegi flutningsfars til landsins.

11. gr. hljóðar svo:

Síðari málsgrein 105. gr. laganna orðist svo:

Þegar atvik eru eins og um ræðir í 1. mgr. skulu aðflutningsgjöld af viðkomandi vöru reiknuð út samkvæmt þeim aðflutningsgjöldum og tollafgreiðslugengi sem í gildi var á komudegi flutningsfars til landsins hafi vara verið í vörslu farmflytjanda eða innflytjanda, en hafi hún verið sett í tollvöruheymslu eða flutt á frísvæði skulu aðflutningsgjöld reiknuð út samkvæmt þeim aðflutningsgjöldum og tollafgreiðslugengi sem í gildi var þegar tollstjóri veitti leyfi til flutnings vöru þangað, nema sannað sé á fullnægjandi hátt að mati tollstjóra að nefnd atvik séu síðar til komin. Reikna skal frá sama tíma dráttarvexti af aðflutningsgjöldum þannig útreiknuðum. Dráttarvextir skulu vera hinir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt lögum nr. 36/1986. Að öðru leyti skal farið með mál þessi samkvæmt ákvæðum XIV. kafla.

12. gr. hljóðar svo:

Á eftir 150. gr. laganna komi viðauki I, sem er tollskrá, er orðist svo:

### Viðauki I.

#### **Tollskrá.**

Dálkar merktir A gilda fyrir allar innfluttar vörur, nema sérstaklega sé á annan hátt ákveðið í dálkum merktum E. Dálkar merktir E gilda fyrir vörur innfluttar til landsins samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samkvæmt ákvæðum samnings Íslands við Evrópubandalagið (EB). Dálkar merktir E gilda þó ekki um vörur í eftirfarandi tollskrárnúmerum sem fluttar eru til landsins frá

Evrópubandalaginu (þ.e. Belgíu, Bretlandi, Danmörku, Frakklandi, Grikklandi, Hollandi, Írlandi, Ítalíu, Lúxemborg, Portúgal, Spáni og Vestur-Pýskalandi):

1604.1101, 1604.1109, 1604.1211, 1604.1212, 1604.1213,  
1604.1214, 1604.1215, 1604.1216, 1604.1217, 1604.1219,  
1604.1221, 1604.1222, 1604.1229, 1604.1231, 1604.1239,  
1604.1301, 1604.1309, 1604.1401, 1604.1409, 1604.1501,  
1604.1509, 1604.1601, 1604.1609, 1604.1901, 1604.1902,  
1604.1903, 1604.1904, 1604.1905, 1604.1906, 1604.1907,  
1604.1909, 1604.2001, 1604.2002, 1604.2003, 1604.2004,  
1604.2005, 1604.2006, 1604.2007, 1604.2008, 1604.2009,  
1604.3001, 1604.3002, 1604.3003, 1604.3004, 1604.3009,  
1605.1001, 1605.1009, 1605.2011, 1605.2012, 1605.2019,  
1605.2021, 1605.2029, 1605.3001, 1605.3009, 1605.4011,  
1605.4019, 1605.4021, 1605.4029, 1605.9011, 1605.9019,  
1605.9090, 1704.1000, 1704.9001, 1704.9003, 1704.9004,  
1704.9005, 1704.9009, 1806.1000, 1806.2009, 1806.3100,  
1806.3201, 1806.3209, 1806.9009, 1905.1000, 1905.2000,  
1905.3000, 1905.4000, 1905.9001, 1905.9009, 2009.1109,  
2009.1909, 2009.2009, 2009.3009, 2009.4009, 2009.5009,  
2009.6009, 2009.7009, 2009.8009, 2009.9009, 2101.1001,  
2101.1009, 2101.2001, 2101.2009, 2101.3000, 2105.0001,  
2105.0009, 2106.9019, 2106.9022, 2106.9029, 2106.9031,  
2201.1000, 2202.1001, 2202.1009, 2202.9001, 2202.9009,  
2203.0001, 2203.0009.

#### **Almennar reglur um túlkun tollskrárinnar.**

Við flokkun vara samkvæmt tollskránni skal fylgja eftirfarandi reglum:

1. Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla og brjóti það eigi í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgt eftirfarandi reglum:
2. a. Þegar talað er um tiltekna vörur í vörulið tekur það einnig til ófullgerðra vara eða vara sem eitthvað vantar á, ef þær við framvísun að öllu verulegu leyti líta út eins og hinar fullgerðu vörur. Enn fremur tekur það til þessara vara fullgerðra eða heilla (eða vara sem flokkast þannig samkvæmt þessum lið) þegar þeim er framvísað ósamsettum eða sundurteknum.  
b. Þegar talað er um tiltekið efni í vörulið tekur það eigi einungis til efnisins óblandaðs, heldur einnig til þess í blöndum eða samböndum við önnur efni. Sérhver tilvísun til vara úr tilteknu efni tekur til vara sem að öllu eða nokkru leyti eru úr því efni. Um tollflokkun blandaðra og samsettra vara fer eftir reglum 3. tölul. hér á eftir.
3. Nú kemur til álita samkvæmt reglu 2. tölul., eða af öðrum ástæðum, að telja vörur til tveggja eða fleiri vöruliða og skal þá tollflokkunin fara eftir því sem hér segir:
  - a. Vöruliður sem felur í sér nákvæmasta vörulýsingu skal tekinn fram yfir vörulið með almennri vörulýsingu. Þegar tveir eða fleiri vöruliðir hver um sig taka aðeins til hluta þeirra efna eða efnavara, sem eru í blöndum eða samsettum vörum, eða aðeins til hluta vara í vörusamstæðu í smásöluumbúðum, skulu þeir vöruliðir taldir koma að jöfnu til álita með tilliti til þessara vara, þótt einn þeirra gefi fyllri eða nákvæmari lýsingu á vörunum.

- b. Blöndur, samsettar vörur úr ýmsum efnum eða hlutum svo og vörusamstæður, sem eigi verður flokkað eftir reglu a-liðar 3. tölul., skal flokka eftir því efni eða þeim hluta sem helst einkennir vörurnar, enda verði slíku mati komið við.
- c. Ef eigi er unnt að flokka vörur eftir reglum a- eða b-liðar 3. tölul. hér á undan skal telja þær til þess vöruliðar sem síðastur er þeirra vöruliða sem að jöfnu koma til álita.
4. Vörur sem ekki verða flokkaðar samkvæmt undanfarandi reglum skulu taldar til sama vöruliðar og þær vörur sem þeim eru líkastar.
5. Auk undanfarandi ákvæða skulu eftirfarandi reglur gilda um þær vörur sem hér greinir:
  - a. Myndavélahylki, hljóðfæratöskur, byssuhulstur, pennastokkar, skartgripaskrín og áþekk ílát, sem sérstaklega eru löguð eða smíðuð undir ákveðnar vörur eða vörusamstæður, eru ætluð til langvarandi nota og framvísað með þeim vörum sem þær eru ætlaðar undir, skal flokka með þessum hlutum. Ákvæði þetta tekur þó ekki til íláta sem eru einkennandi fyrir vöruna í heild.
  - b. Leiði ekki annað af reglu a-liðar 5. tölul. skal umbúðaefni og ílát til pökkunar, sem framvísað er með vörunum í, flokkað með vörunum, enda sé það venjulega notað til pökkunar á slíkum vörum.
6. Í lagalegu tilliti skal flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirliði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir verða bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gilda einnig með tilliti til reglunnar, nema annað leiði af orðalagi.

Einstakir kaflar tollskrárinnar breytast svo:

6. kafli. Við bætist nýtt tollskrárnúmer: 0601.2002 – – Pottaplöntur 30.
10. kafli. Í stað orðanna „annað hvort“ í a-lið 1. athugasemdar kemur: einnig.
16. kafli. Tolltaxti í dálki A við tnr. 1604.1101 – 1605.9090 verður 20%, en 0% í dálki E.
19. kafli. Tolltaxti tnr. 1904.1000 og 1904.9000 verður 20%.
20. kafli. Tnr. 2005.5100 orðast svo:
 

– Belgaldin (Vigna spp., Phaseolus spp.):	A
5100 – – Belgaldin, afhýdd .....	%
	30
25. kafli. Tolltaxti tnr. 2517.4901 verður: 0.
33. kafli. Tnr. 3307.4001 verður: 3307.4100.
37. kafli.
  1. Orðið „ekki“ í tnr. 3702.9200 fellur brott.
  2. Í stað orðsins „Ljóssetningarfilmur“ í tnr. 3703.9001 kemur: Ljóssetningarpappír.
39. kafli.
  1. Tolltaxti tnr. 3917.3300 verður: 0.
  2. Tnr. 3926.9022 fellur brott.
  3. Tnr. 3926.9023 verður: 3926.9022.
40. kafli.
  1. Í stað orðanna:
 

„– Annað:	A
– – Úr balata, guttaperka og áþekktum náttúrlegum gúmkvoðum, óvulkaníseruðum:“, ásamt tnr. 4006.9011 til og með tnr. 4006.9090 kemur:	%
9000 – Annað .....	0
  2. Tolltaxti í dálki A við tnr. 4008.1101 verður: 5.
  3. Tolltaxti í dálki E við tnr. 4008.2101 verður: 0.

4. Við bætist nýtt tnr. er orðist svo:	A
	%
4016.9922 --- Mottur .....	30
Jafnframt falli orðið „mottur“ í tnr 4016.9919 niður.	
42. kafli. Tolltaxti í dálki A við tnr. 4202.9100 verður: 10.	
43. kafli. Tolltaxti í dálki E við tnr. 4301.5000 verður: 0.	
44. kafli.	
1. Tolltaxti í tnr. 4401.3000 verður: 0.	
2. Fyrir framan orðið „ – Annað“ í tnr. 4408 kemur: 9000.	
3. Fyrir aftan orðið „klæðningarefni“ í tnr. 4410–4413 koma orðin: listar hvers konar.	
4. Tolltaxti í dálki E við tnr. 4414.0000 verður: 0.	
48. kafli.	
1. Í stað orðsins „servíettur“ í tnr. 4818.3000 kemur: pentudúkar.	
2. Tolltaxti í dálki E við tnr. 4819.1009 verður: 0.	
3. Tnr. 4819.4039 verður: tnr. 4819.4009.	
48. kafli. Við bætist nýtt tnr. er orðast svo:	A
	%
4823.7002 -- Eggjabakkar .....	10
49. kafli. Tnr. 4911.1011 verður: 4911.1001.	
51. kafli. Á eftir tnr. 5112.9001 kemur:	A
	%
9009 -- Annars .....	0
56. kafli. Tnr. 5607.4904 og 5607.5004 falli brott.	
59. kafli. Á undan orðunum „ – Úr pólýesterum“ í tnr. 5902 og „ – Með pólýúretani“ í tnr. 5903 kemur: 2000.	
60. kafli. Tnr. 6002.9101 verður: tnr. 6002.9100.	
61. kafli. Orðin „Prjónaðar og heklaðar“ í tnr. 6117.9001 falli brott, jafnframt því sem tolltaxti í dálki A verður: 5, en 0 í dálki E.	
63. kafli. Tolltaxti í tnr. 6305.1000 og 6305.2000 verður: 0.	
64. kafli.	
1. Tolltaxti í tnr. 6402.1100 og 6403.1100 verður: 15 í dálki A, en 0 í dálki E.	
2. Tnr. 6403.1902 verður: tnr. 6403.1901.	
65. kafli. Tolltaxti í tnr. 6506.1000 verður: 0.	
69. kafli. Tolltaxti í tnr. 6909.1900 verður: 0.	
73. kafli.	
1. Í stað tnr. 7307.1190 kemur: tnr. 7307.1900.	
2. Tolltaxti í tnr. 7315.2000 verður: 0.	
76. kafli.	
1. Tolltaxti í tnr. 7601.1000–2000 verður: 0.	
2. Í stað tnr. 7615.1000 koma tvö númer er orðist svo:	
– Borðbúnaður, eldhúsbúnaður eða önnur búsáhöld og hlutar til þeirra; pottahreinsarar og hreinsi- eða fægileppar, -hanskar og þess háttar:	A
1001 – – Pönnur .....	%
1009 – – Annað .....	30
1009 – – Annað .....	10
3. Við bætist nýtt tnr. sem orðast svo:	A
	%
7616.9009 -- Stigar .....	10
4. Tolltaxti í tnr. 7616.9019 (var áður 7616.9009) verður: 10 í A-dálki, en 0 í E-dálki.	

82. kafli.

1. Tolltaxti í tnr. 8210.0000 verður: 0.
2. Tolltaxti í tnr. 8212.1000–8214.9000 verður: 0.

84. kafli.

1. Tnr. 8404.1002 verður: 8404.1009.
2. Tnr. 8404.9001 orðast svo: Hlutar til vöru í nr. 8404.1001.
3. Tolltaxti í tnr. 8421.1100 verður: 0.
4. Tnr. 8425.1000 verður: 8425.1100.
5. Á eftir tnr. 8441.8000 kemur:  
9000 – Hlutar ..... 0  
en orðið „ – Hlutar:“ og eftirfarandi tnr. 9000 fellur brott.

85. kafli.

1. Tolltaxti í tnr. 8506.1100–8506.9000, 8509.1000, 8509.4001–8509.4009, 8510.1000, 8512.1000–8512.9000, 8516.3100–8516.3200, 8516.7100–8516.7200, 8518.1000 og 8526.9201 verður: 0.
2. Tolltaxti í tnr. 8516.5000 verður: 10 í A-dálki og 0 í E-dálki.
3. Tolltaxti tnr. 8519.2100 og 8521.1009 verður: 15.
4. Tnr. 8527.0001 verður: 8527.9001 og tolltaxti 0.
5. Tnr. 8527.009 verður: 8527.9009.
6. Tolltaxti tnr. 8537.1000 og 8537.2000 verður: 0.

87. kafli.

1. Tolltaxti í dálki E í tnr. 8702.1002 og 8702.9002 fellur brott.
  2. Tolltaxti í dálki E í tnr. 8702.1009 og 8702.9009 verður: 0.
  3. Í stað „1300 cm<sup>2</sup>“ í tnr. 8703.3119 kemur: 1300 cm<sup>3</sup>.
  4. Á eftir tnr. 8703.3139 kemur:  
– – – Önnur:  
3141 – – – Sjúkrabifreiðar eftir nánari skýrgreiningu og  
ákvörðun fjármálaráðuneytisins ..... 0
  5. Tolltaxti í dálki E við tnr. 8708.1000, 8708.2900–8708.8000 og 8708.9400–8708.9900 fellur brott; tolltaxti í dálki A við tnr. 8708.2100 verður: 0, og tolltaxti við tnr. 8708.9300 verður: 10.
  6. Tolltaxti í tnr. 8716.1000 verður: 10.
90. kafli. Tolltaxti í tnr. 9005 – tnr. 9013 verður: 0.

13. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988. Frá sama tíma falla úr gildi 1. og 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl., ásamt lögum um breyting á greinum þessum, svo og reglugerðir, auglýsingar og öll önnur fyrirmæli sem sett hafa verið samkvæmt greinum þessum. Tilvísanir í lög nr. 120/1976, um tollskrá o.fl., lög nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, og lög nr. 47/1960, um tollvörugæymslur o.fl., með síðari breytingum, í lögum nr. 78 23. desember 1980, um jöfnunargjald, breytast í tollalög, nr. 55/1987, með breytingum eftir því sem við á. Á eftir orðunum „þessarar greinar“ í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 78/1980 komi: eða eru hliðstæðar eða koma í stað þeirra.

Við gildistöku laga þessara falla jafnframt úr gildi ákvæði í öllum öðrum lögum um lækkun eða niðurfellingu tolla eða aðflutningsgjalda, nema slíkar undanþágur styðjist jafnframt við milliríkjasamninga eða samninga ríkisins við erlenda aðila.